

Kennsluáætlanir 2025 – 2026

Birtar á heimasíðu skólans og með fyrirvara um breytingar

Stíll 2025-2026

Stíll er hönnunarkeppni á vegum Samfés þar sem félagsmiðstöðvar taka þátt með liðum skipuðum 2–4 einstaklingum. Þátttakendur vinna út frá ákveðnu þema og eru bæði klæðnaður, hár og förðun metin ásamt hönnunarmöppu sem sýnir allt ferlið. Markmið keppinnar er að hvetja unglinga til listsköpunar, efla frumlega hugsun og virkja sköpunarkraft þeirra.

Markmið og kennsluaðferðir:

Lögð er áhersla á sköpun og persónulegt handbragð. Nemendur þjálfast í helstu aðferðum sem tengjast keppninni, fatahönnun, förðun, hárgreiðslu og átti sig á vinnuferlinu, frá hugmynd að fullunnu verki, þar sem þau fá æfingu í að útfæra hugmyndir sínar. Kennt verður 1 sinni í viku að keppni og oftast ef þörf er á. Nemendur vinna að markmiðum sínum undir leiðsögn kennara sem sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga; vinni sjálfstætt, geri tilraunir og prófi sig áfram bæði í sköpun og aðferðum.

- Verkleg kennsla
- Sýnikennsla
- Skapandi vinnubrögð
- Umræður- samræður

Kennarar: Birna Friðgeirsdóttir, birna.fridgeirsdottir@seltjarnarnes.is og Brynja Helga Kjartansdóttir, brynja.h.kjartansdottir@seltjarnarnes.is

Námsmat

Námsmatið er byggt á hæfniviðmiðum, lykilhæfni og matsviðmið fyrir list og verkgreinar. Í námsmati er tekið tillit til framförum hvers og eins nemenda og árangurs miðað við getu. Nemendur hafa tækifæri á að bæta sig með símati alla lotuna og hefur vinnusemi og frágangur áhrif.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, L og Ó). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor.

Námsaðlögun

Í náminu er beitt eftirfarandi námsaðlögun til að styðja nemendur í að læra á eigin forsendum og tryggja að námið nýtist þeim sem best:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni
- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Samskipti nemenda og kennara eiga að einkennast af virðingu og tillitssemi. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og hegðun í skólanum.	Viðbrögð við ritstuldi	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: • Við fyrsta brot fær nemandi tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. • Við endurtekið brot fær nemandi D í einkunn og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. • Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D í einkunn.
Mæting og virkni í tímum	Kennari og nemendur mæta stundvíslega í tíma og eyða ekki of löngum tíma í að skapa þá ró sem er forsenda skemmtilegrar vinnu. Ætlast er til að nemendur nýti tímann eins og best er á kosið.	Heimavinna og hjálpargögn	Engin hefðbundin heimavinna er í þessari lotu
Hlutverk nemenda	Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með innlögn og sýnikennslu. Eftir það reyna þeir að vinna sjálfstætt, hjálpast að eða bíða þolinmóðir eftir aðstoð kennara. Við lærum líka af því að leiðbeina og hjálpa hvort öðru.	Hlutverk kennara	Kennarinn leggur inn verkefni, sýnir aðferðir og vinnubrögð og aðstoðar nemendur þegar þess er þörf. Rík áhersla er á að nemendur þjálfist í því að verða sjálfbjarga og öðlast þannig færni í að leysa vandamál. Kennarinn skal vera vel undirbúinn og

	Nemendur bera ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum. Nemendur vinna í hóp og skila verkefnum þegar þeim er lokið.		reyna að miðla þekkingu og kunnáttu til nemenda eftir bestu getu, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og reyna að læra og gera betur. Hann skal leggja áherslu á góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi.
--	--	--	---

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:
• Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt • Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum • Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi • Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
1 önn				
Hönnunarmappa og moodboard	<i>Nemandi getur:</i> • Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. • Getur unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Getur sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Verkefnin verða grundvöllur mats og virkni í tímum. Nemendur nýta sér netið, tímarit og bækur til að afla sér innblásturs og rannsaka þemað. Þeir setja saman moodboard og hönnunarmöppu sem endurspeglar vinnuna.	Kennari heldur innlögn og sýnikennslu, útskýrir væntingar til nemenda og veitir aðstoð eftir þörfum.	

Búningur	<i>Nemandi getur:</i> • Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun. • Getur unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Getur sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Loka útkoma á búningi verður grundvöllur mats og virkni í tímum. Nemendur læra að endurvinnna textíl með ýmissi tækni. Breyta sniði í eigin hönnun og prófa sig áfram með tilraunum sem mun hafa áhrif á námsmatið.	Kennari heldur innlögn og sýnikennslu, útskýrir væntingar til nemenda og veitir aðstoð eftir þörfum.	Námsefni: handbók í textíl: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/handbok_textilmennt/192/
Hár og förðun	<i>Nemandi getur:</i> • Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun. • Getur unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Getur sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Loka útkoma í hár og förðun verður grundvöllur mats og virkni í tímum. Nemendur læra aðferðir í förðun og hárgreiðslu og hvernig þær hafa áhrif á heildarútlitið. Þeir prófa sig áfram í átt að loka hönnun sem hefur áhrif á námsmat.	Kennari heldur innlögn og sýnikennslu, útskýrir væntingar til nemenda og veitir aðstoð eftir þörfum.	
Loka útkoma/ heildar útlit	<i>Nemandi getur:</i> • Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. • Greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun. • Getur unnið sjálfstætt og í hóp og hjálpast að. • Getur sýnt góða umgengni á vinnusvæði.	Lokaútkoma verður grundvöllur mats, virkni í tímum og frammistaða á sýningardegi. <i>Mikilvægt er að nemendur mæti vel undirbúin og nýti sér allt sem þeir hafa lært á önninni.</i>	Kennari verður búin að útskýra og undirbúa nemendur fyrir sýningu.	